Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

46. tölublað Þriðjudagur 5. desember 1978 verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Mengun af völdum hersins

Töluvert hefur verið rætt og ritað að undanförnu um mengun af völdum hersins á Miðnesheiði. Skemmst er að minnast þeirra umræðna sem fram fóru á alþingi fyrir nokkru þar sem haft var eftir einum starfsmanni Sandgerðishrepps, að atvinnulíf þar sé í bráðri hættu vegna mengunar. En þetta mál á sér mun lengri aðdraganda, eða allt síðan herinn kom hingað. Oft hefur verið bryddað upp á máli

Framhald á síðu 4.

Frá herteknu svæðunum í Palestínu:

Kúgun og brot á mannréttindum

Ísraelsk yfirvöld á herteknu svæðunum hafa pyntað fanga, svipt verkafólk mannréttindum sektað og fangelsað fólk sem brotið hefur gegn herlögunum segir í skýrslu sem rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt fram.


Þeir sem lögðu skýrsluna fram láta í ljós miklar áhyggjur vegna ástandsins á herteknu svæðunum og skora á allsherjarþing SÞ að koma í veg fyrir áframhaldandi stjórn Ísraelsmanna þar. Þarna er um að ræða svæði sem Ísraelsmenn hertóku í stríðinu árið 1967.

Meðan það hefur ekki gerst krefst nefndin þess að endir verði bundinn á kúgun og mannréttindaskerðingu á herteknu svæðunum.

Ísraelsmenn hafa ekki viljað starfa með þessari nefnd en hún var valin af allsherjarþinginu til að rannsaka yfirstjórnina á herteknu svæðunum. Í skýrslunni er ennfremur bent á að með búsetu sinni á herteknu svæðunum hafa Ísraelsmenn svipt palestínsku þjóðina sjálfsákvörðunarrétti sínum.



Hér sjást hermenn síonista misþyrma palestínuaraba sem þátt tók í mótmælaaðgerum.



Frystihúseigendur fengu aukinn gróða í formi gengislækkunnar.

Mótmælum kaupráninu 1.des.

Alþingi samþykkti kaupránið fyrir skömmu. Athygli vakti að þingmenn íhaldsins sátu hjá utan einn sem greiddi atkvæði á móti. Það sýnir að íhaldið er að mestu sammála stefnu stjórnarinnar. Sjálfsagt hefur því aðeins fundist kaupránið of lítið.

Atvinnurekendum fannst kaupránið líka of lítið. Talsmenn þeirra hafa sagt að þeir geti ekki borið 6% kauphækkunina og framundan sé "mikill vandi". Krafa atvinnurekenda er ljós. Þeir vilja afnema vísitöluhækkanir á laun.

Í sjálfu sér eru allir stjórnmálaflokkarnir á sama máli. Þeir vilja aðeins reyna að finna leið til að gera þetta á þann hátt að atkvæðafylgi þeirra skerðist sem minnst.

Ef vísitalan er afnumin þýðir það einfaldlega að launþegar verða miklu berskjaldaðri fyrir kjaraskerðingarárásum auðherranna og ríkisvalds þeirra.

Sé einnig litið til þeirrar staðreyndar að flestir forystumenn launþegafélaganna eru undanslättarmenn fyrir kröfum auðherranna og ríkisvalds þeirra þá sést betur að þetta er alvarlegt ástand.

Launþegar verða að krefjast þess að vísitalan mæli raunverulegan framfærslukostnað og að samið sé um að laun dugi fyrir honum með 40 stund vinnuviku. Jafnframt að vísitölubætur á laun séu greiddar að fullu eftir réttum vísttölugrundvelli.

Gegn kaupráni.

Atvinnurekendur hafa þegar spáð gengisfellingu í janúar eða febrúar á næsta ári. Þeir hafa þegar krafist kaupráns 1. mars n.k. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa ljáð þessu máli fylgi.

Það er því ljóst að miklu grimmilegra kauprán bíður launþega á næsta ári heldur en verið hefur að þessu.

Það er jafnaugljóst að launþegar verða að grípa til aðgerða gegn kaupráninu og að þær aðgerðir verða að beinast í ríkari mæli gegn svikulum forystumönnum félaganna. Þeir hafa flestir svikið málstað launþega, ýmist með þögninni eins og stjórn BSRB eða með lofsöng um kaupránið eins og stjórn Verkamannasambandsins

Framkvæmdastjórn INSÍ hundsar ályktanir 36. þingsins

Nýlega sendi Framkvæmdastjórn INSÍ frá sér ályktun til fjölmiðla vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar 1. desember. Í ályktuninni segir m.a.: "Framkvæmdarstjórnin leggur áherslu á, að ekki megi skerða kaupmátt launa og telur að ráðstafanir þær sem koma eigi í stað beinna krónutöluhækkunar á laun, ráðstafanir sem lækka framfærslukostnað launafólks, verði fyllilega að tryggja kaupmáttinn."

Nú er ljóst að um er að ræða gífurlega kjaraskerðingu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ekki á að koma nema 6,1% kauphækkun til framkvæmda en samkvæmt vísitölugrundvelli átti hún að vera 14,13%. Allt tal um 2% skattalækkanir, 3% aukningu niðurgreiðslna og 3% almenn félagsleg réttindi er út í hött og þjónar aðeins hagsmunum auðvaldsins og ríkisvaldi þess. Sem dæmi má nefna að fyrr í haust samþykkti ríkisstjórnin verulegar skattahækkanir og hvað verður þá um litla 2% skattalækkun? Ríkisstjórnin samþykkti einnig í framhaldi af aðgerðunum 1. des. að aðeins 5% vísitöluhækkun komi til framkvæmda 1. mars á næsta ári. Hvað haldið þið að 5% eftir þrjá mánuði segi þá? Það verður dropi í hafið. Ekki má heldur gleyma þeirri ætlun ríkisstjórnarinnar að fá verkalýðshreyfinguna til að samþykkja enga grunnkaupshækkun til

Framhald á síðu 2.

LEIÐARI

Þjóðaratkvæði um veru hersins á Íslandi

Það er liðinn meira en aldarfjórðungur frá því að bandarísku hersveitirnar komu sér fyrir á Íslandi. Nú er því full ástæða til að huga alvarlega að því hvort það eigi að vera hlutskipti Íslands að vera hersetið í náinni framtíð líkt og Au.-Evrópuríkin. Nú eru áratugir liðnir síðan sá friður komst á, sem sagður var forsenda brottfarar hersins. Þrátt fyrir það verður síður en svo séð að nokkurt fararsnið sé á hernum. Því síður virðist ráðamönnum þjóðarinnar liggja á að krefjast þess að staðið sé við varnarsamninginn sem gerður var við NATO, um að hér skyldu ekki vera herstöðvar á friðartímum.

Það er augljóst að þær baráttuaðferðir sem hingað til hafa verið notaðar til að losa Ísland við herstöðvarnar bera ekki árangur. Margir hafa eygt von í því að herstöðvaandstæðingar fengju meirihluta fylgi við málstað sinn á Alþingi. Sú von hefur nú hvað eftir annað sannast vera tálsýnir einar. Þrátt fyrir loforð og fögur fyrirheit stjórnmálaforingja "vinstri" flokkanna hefur ekkert raunhæft verið gert í málinu.

Hvernig geta herstöðvaandstæðingar þá náð markmiðum sínum í þessu máli á lýðræðislegan hátt? Það er augljóst mál að það er vilji mjög stórs hluta þjóðarinnar að losna við herstöðvarnar. Þessi hópur hefur hingað til orðið að þola magnað óréttlæti og svik. Skoðanir þessa mikla fjölda hafa verið að engu gerðar og ef hægt væri að tala um að einhverjir hafi verið beittir ofríki í þessu máli, bæði af ríkisvaldi og pólitískum flokkum, þá eru það herstöðvaandstæðingar.

Það virðist því vera aðeins eitt fyrir SHA að gera, en það er að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um herstöðvarmálið. Þessi krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu um hermálið kemur ekki síst fram til að vernda almenn lýðréttindi og skoðanafrelsi, vegna þess ofríkis sem ríkisvaldið og valdasjúkir pólitíkusar hafa beitt herstöðvaandstæðinga. Það verður að ríkja lýðræði og í þessu máli er það meira en sjálfsagt að spyrja þjóðina beint hvað gera eigi. Það á ekki að vera í hendi fárra valdamanna að ákveða vilja þjóðarinnar í lýðræðisríki.

Það er aftur á móti einkenni í einræðisríkjum að fara aðeins að óskum fámennrar valdaklíku. Hver sá sem hugsar þetta mál út frá því að mjög margir stjórnmálamenn gefa sig út fyrir að vilja láta herinn fara á friðartímum fyrir kosningar, hlýtur að viðurkenna að ekki er lengur hægt að ganga þvert á vilja þjóðarinnar í krafti opinberra embætta og þess valds sem þessum mönnum hefur verið gefið af þjóðinni. Þeir hafa sýnt að þeir eru ekki þessa trausts virði og því krefjumst við þess að þjóðin verði spurð í almennri atkvæðagreiðslu.

Framkvæmdastjórn INSÍ hundsar ályktanir 36. þingsins

1. desember 1979. Getur verið um svívirðilegri árás á kjör launafólks af hálfu ríkisstjórnar sem þykist fá umboð sitt frá "fólkinu".

Ef stjórn INSÍ er annt um að bjarga andlitinu gagnvart almennum félagsmönnum (sem efast verður um, því flestir eru þeir yfirlýstir stuðningsmenn kaupránsflokkanna) ætti hún að senda frá sér yfirlýsingu þar sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fordæmdar sem svívirðileg árás á kjör launafólks.

Sú gamla saga ætlar að endurtaka sig að Framkvæmdastjórn INSÍ fari alls ekki eftir ályktunum þinga INSÍ. Máli þessu til áréttingar birtist hérna kafli úr kjaramálaályktun 36. þings sambandsins.:

"Á liðnu ári hefur samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar verið skertur æ ofan í æ, fyrst með kaupránslögum fyrrverandi ríkisstjórnar og einnig er ljóst að nýja ríkisstjórnin metur hann ekki mikils þvert ofan í kosningaloforð sín.

a) Kaupráninu var ekki skilað til baka að fullu. (Hér er átt við bráðabirgðalögin frá því í september s.l. þar sem sett var "þak" á hæstu laun, aths. höf.).

b) Sett hefur verið á laggirnar nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að endurskoða vísitölugrundvöllinn. (Ábyrgir menn innan ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að taka þurfi sumt út úr honum, það verður til þess að hann gefur enn vitlausari mynd af því hverjar eru þarfir vísitölufjölskyldunnar en er í dag, aths. höf.).

c) Ríkisstjórnin ætlar sér að fá núgildandi kjarasamninga framlengda um eitt ár að minnsta kosti með aðstoð uppkeyptrar verkalýðsforystu.

Allt bendir til þess að þessi skerðingaráform nái fram að ganga með samþykki verkalýðsforystunnar.

36. þing INSÍ mótmælir harðlega virðingarleysi stjórnvalda og verkalýðsforystunnar gagnvart þeim dýrmæta rétti verkafólks sem frjáls samningsréttur er.

Þingið hvetur til harðrar baráttu gegn þeirri skerðingu á réttindum og kjörum verkafólks, sem felast í framlengingu núgildandi kjarasamninga og fyrirhuguðum breytingum á vísitölugrundvellinum." (undirstr. eru höf.).

Það er skýlaus krafa að farið verði að einu og öllu eftir samþykktum þinga sambandsins af stjórninni. Ljóst er að með ályktun þeirri sem Framkvæmdastjórn INSÍ hefur sent fjölmiðlum að hún hundsar ályktanir 36. þingsins

BRÉF FRÁ STJÓRN OG TRÚNAÐARMANNAFUNDI FÉLAGS JÁRNIÐNAÐARNEMA TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR INSÍ.

Til framkvæmdarstjórnar INSÍ

Félagar.

Stjórn og trúnaðarmannafundur Félags járniðnaðarnema hafa rætt ástandið í kjaramálunum. Við hvetjum ykkur til að taka afstöðu til þess sem er að gerast nú og leggja þannig ykkar lóð á vogarskálina. Við teljum, að bæði félagsmála- og kjaramálaályktun 36. þingsins leggi fram skýra stefnu.

Við erum andstæðir öllum breytingum á vísitölugrundvellinum sem skerða kjör verkalýðsins. Ljóst er að ríkisvaldið stefnir á mjög verulegt kjararán. Við teljum einnig rangt að framlengja núgildandi kjarasamninga, að kjör iðnnema bjóði ekki upp á slíkt.

Við teljum, að afstaða toppanna í verkalýðshreyfingunni til þessara mála sé bæði röng og sviksamleg og þjóni engum nema auðstéttinni og ríkisvaldi hennar.

Við hvetjum ykkur til að þegja ekki, heldur taka afstöðu

F.h. stjórnar Félags járniðnaðarnema.

Einar Gunnarsson formaður.


10 - 15 milljónir berjast á götum Írans gegn keisaranum

þessum föngum sannast best á því að keisarinn hefur keypt frá Bandaríkjunum og víðar þumalskrúfur og önnur pyntingartæki.

Íran annað Víetnam bandarísku heimsvaldasinnanna.

Árið 1953 náðu bandarískir auðhringar tökum á Íran í gegn um valdarán, skipulagt og fært út af hinni illræmdu leynilögreglu Bandaríkjanna - CIA. Það valdarán felldi vinsæla ríkisstjórn Mossadeghs og endurreisti keisaraveldið. Bandaríkin og Bretland settu Íranskeisara (föður núverandi Shah) af í síðari heimstyrjöldinni vegna þess að hann var bandamaður nasista.

Valdaránið 1953 opnaði dyrnar fyrir bandarískum auðhringum að auka fjárfestingar sínar í Íran upp úr öllu valdi og það hafði í för með sér drottnun þeirra yfir efnahagslífi landsins.



Hermenn á Martyrs torgi rétt fyrir blóðbaðið föstudaginn 8. sept. s.l. þar sem þúsundir manna voru drepnir.

Þó stærsti gróði auðhringanna í Íran sé af olíunni (7% af allri olíu sem Bandaríkin nota kemur frá Íran) eru önnur risafyrirtæki sem mergsjúga alþýðu landsins. T.d. Chase Manhattan Bank sem er einn stærsti banki í heimi, hergagnaframleiðendurnir Bell Helicopter og fyrirtæki eins og General Electrics, Lockheed, Pepsi og Coca Cola o.s.frv. o.s.frv..

Þessi fyrirtæki nota Íran sem markað og/eða gullnámu ódýrs vinnuafls og auðlinda.

Í höndum þessara fjölþjóðaauðhringa dinglar keisarinn eins og strengbrúða og honum heldur bandaríska ríkisstjórnin að völdum til að vernda hagsmuni þessara hringa. Keisarinn héldi ekki völdum í einn dag ef ekki væri fyrir stöðuga aðstoð frá Hr. Mannréttindum í Hvíta húsinu og hans yfirboðurum, kapítalistunum.

Nýlega fóru skipsfarmar frá bandaríkjunum af nýtísku vopnum, táragasi og öðru slíku sem fasistar þurfa á að halda til að kúga fólk og halda sjálfum sér að völdum. En þetta dugir Íranskeisara ekki til. Því oftar sem hann beitir þessum vopnum, því magnast kraftur baráttunnar gegn honum og fjölgar andstæðingum hans.

Tökum undir kröfur íranskrar alþýðu: NIÐUR MEÐ KEISARANN - BURT MEÐ BANDARÍSKU HEIMSVALDASTEFNUNA.

Rauða Stjarnan Bókabúð

Opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:30, og föstudaga frá kl. 15:00 -19:00

Meðal þess sem á boðstólum er má nefna Úrvalsrit Marx og Engels, Ritgerðir Maó Tse-tung, kiljur Leníns og ýmis önnur pólitísk ritverk frumkvöðlanna á íslensku. Auk þess er mikið úrval af bókum á erlendum málum og skáldverk og almennur fróðleikur öll gerð úr tréflísum. Kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja senda kveðjur til vina og ættingja. Við sendum auk þess í póstkröfu hvert sem er. Reynið viðskiptin.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

HORNAFJÖRÐUR
Margrét Einarsdóttir
Silfurbraut 2

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

10 - 15 milljónir berjast á götum Írans gegn keisaranum



Hatur fólksins á heimsvaldasinnunum kemur m.a. fram í þegar það spregir í loft upp verksmiðjur Coka Cola auðhringsins í Íran.

Atburðirnir í Íran undanfarna mánuði hafa vakið upp hatur manna á heimsvaldastefnu víða um heim. Í Grikklandi, Frakklandi, Þýskalandi Ítalíu, Indlandi, Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar hafa hundruð þúsunda marserað og mótmælt ofríki Íranskeisara og þjónkun hans við bandaríska, evrópska og jafnvel sovéska auðherra. Í Brasilíu hafa andstæðingar keisarans verið drepnir af brasilísku lögreglunni.

En hiti og þungi baráttunnar hvílir fyrst og fremst á herðum íranskrar alþýðu.

750 manns brenndir inni.

19. ágúst mun alla tíð verða þekktur í sögu Írans undir nafninu Blóðugi laugardagurinn. Þann dag voru 830 menn, konur og börn samankomin í Rex kvikmyndahúsinu í Abadar

Stærstu olíuuppsprettur heimsins eru í Abadan og þar hefur þungamiðja baráttunnar gegn keisaranum (Shah) jafnan verið, í höndum iðnverkafólksins. Rex er statt í verkamannahverfi og þar hafði róttækt fólk komið sér upp bókabúð og kaffistofu. Þar fengust verkalýðsbókmenntir sem eru ólöglegar í Íran. 19. ágúst þennan var verið að sýna í húsinu kvikmyndina "Hreindýr", líkingamynd um órétt-



Hermenn handtaka fólk í mótmælagöngu gegn keisaranum

læti keisarastjórnarinnar. Sýningin hófst kl. 9 um kvöldið. Hálftíma síðar sáu vegfarendur sem áttu leið framhjá húsinu, reyk stíga upp úr þakinu. Undanfarna 10 mánuði hafa ýmis kvikmyndahús, sem sýnt hafa afturhaldssamar áróðursmyndir og klámmyndir, verið lögð í rúst af andstæðingum keisarans en þó aldrei svo að nokkur hafi særst. Því hvarflaði það í fyrstu ekki að fólki að nokkur væri inni í bíóinu. Fyrr en spurningin kom upp: "Af hverju Rex?" Eins og eldingu hefði lostið niður gerði fólkið sér grein fyrir að það voru gestir í sýningarhúsinu. Þá höfðu safnast saman um 500 manns fyrir utan. Eldurinn hafði breiðst út og læst sig í veggina þegar mannsöfnuðurinn þaut í átt að dyrunum sýningargestum til viðvörunar og bjargar. Þá, áður en nokkur vissi af, var eins og spryttu upp úr jörðinni hermannatrukkar og lögreglubílar. Út úr þeim streymdu alvopnaðir varðmenn sem tóku stöðu fyrir framan húsið. Fólksfjöldinn sótti fram. "Það er fólk inni". Á þeim tíma vissu það allir.

Lögreglan réðist gegn mannfjöldanum sem varð að hörfa undan. Kylfur voru á lofti og höggin dundu á höfðum, bökun og handleggjum þeirra er reyndu að komast að dyrunum. Veggur af hermönnum varði dyrnar.

Eldurinn magnaðist. "Fólk er að brenna, það verður að hjálpa því" heyrðist kallað ofan af þakinu um leið og einhver stökk niður af. Innan fárra sekúndna hafði lögreglan drepið hann. Fleira fólk kom nú í ljós á þakinu öskrandi af sársauka og á hjálp. Það var skotið. Út um glugga reyndi fólk að sleppa, einstaka með árangri en flestir voru skotnir fyrir utan.

Baráttan í útgöngudyrunum tveimur var hörðust. Fólkið inni í húsinu hafði er það varð vart við reykinn reynt að komast út en fundið báðar hurðirnar hlekkjaðar aftur utan frá. Með sameiginlegu átaki tókst því þó að slíta festinguna á annarri hurðinni en þá mættu því óvígar raðir af vopnuðum hermönnum. "Hver sá er kemur út verður skotinn" öskruðu hermennirnir. Þeir sóttu fram með skothríð og barsmíð og tókst að hlekkja aftur hurðina að nýju. Dauðaofninn var innsiglaður.

Fyrir utan barðist fólkið við varðliðið þar til útséð var um að allir inni væru látnir. Þá var klukkan 2 og þá loks komu á vettvang slökkviliðssveitir hersins og Þjóðlega íranska olíufélagsins sem þó eru þekktar fyrir að vera einar þær snörustu og fullkomnustu í heimi.

Sviðin líkin voru dregin út úr húsarústunum, hent upp á vörubíla sem keyrðu í fjöldagrafir þar sem tvær ýtur voru tilbúnar að grafa yfir. Líkin voru gjörsamlega óþekkjanleg. Í allt höfðu um 900 manns látið lífið. Morðin voru skipulögð af hinni bandarísk þjálfuðu leynilögreglu Írans - hinni illræmdu SAVAK.

Fjöldamorðin í september.

Eftir morðin í Rex blossaði baráttan meðal alþýðufólks í Íran. Hvarvetna í stærstu borgum landsins reis fólk upp í hundruða þúsunda tali og mótmælti einræðisherrunum með kröfugöngum, útifundum, verkföllum og uppreisnum.

Mótmælaaldan reis hæst dagana 7. og 8. sept. þegar yfir 7,5 miljónir manna fylltu götur Tehrans höfuðborgarinnar og annarra stærstu borga Írans. Í Tehran mættust mótmælagöngurnar á Jaleh torgi. Fólkið hafði að engu hernaðarástandslögin sem fasistarnir höfðu komið á. Hvarvetna var mannfjöldanum mætt með bandarísk-sérþjálfuðum og vopnuðum hermönnum keisarans. Með aðstoð hundruða ísraelskra hermanna sem komið höfðu til Tehran 5. sept. hreinlega slátruðu þessir vígamenn a.m.k. 10.000 manns aðeins í þessari borg. Þegar vígsveitirnar höfðu í fyrstu hikað við að skjóta, steig fram fyrir skjöldu Oveissie nokkur, yfirmaður hernaðarlaganna. Hann skaut sjálfur fyrstu skotdembunni á fólkið. Oveissie hershöfðingi er sami böðullinn og gekk frá 15.000 manns myrtum á einum degi, 5. júní fyrir 15 árum síðan.

September 8. hefur verið nefndur Svarti föstudagurinn og nafni Jaleh torgs verið breitt í Píslarvottatorg. Blóð fólksins rann á götunum þennan dag. Hundruðum saman voru unglingar jarðaðir um helgina og konur sem þúsundum saman höfðu verið fremstar í flokki baráttunnar voru meðal þeirra fyrstu sem féllu. Grafreitir borganna fylltust.

Fólkið hafði fallið fyrir drynjandi skothríð sjálvirkra M-16 vélbyssna og stórskotahríð fallbyssna og skriðdreka. Mannvígunum er svo tæknilega stjórnað af bandarískum sérfræðingum. Í heild teljast hernaðarsérfræðingar og tæknimenn frá Bandaríkjunum vera um 43.000 í Íran. Þeir hafa nú fengið aðvörun með mánaðarfyrirvara að byltingarmenn álíti þá réttdræpa, hafi þeir ekki komið sér út úr Íran fyrir 1. des.

Stéttaandstæðurnar skerpast.

Eitt það almikilvægasta sem gerst hefur í Íran síðan 8. sept. er að verkalýðsstéttin hefur skorist í leikinn í öllu sínu veldi. Aldrei í sögu Írans s.l. 25 ár hefur verkalýðsstéttin mætt til pólitísku baráttunnar af slíku afli. Með þeim krafti sem henni einni er eiginlegur rís nú verkalýðsstéttin upp til byltingar. Iðnverkalýðurinn í heild 2 miljónir manna (Þjóðin er 35 miljónir í heild.) kemur nú fram, ekki til að krefjast hærri launa né endurbóta, heldur til að fella vald keisarans, enda hernaðarástandslögin, frelsa alla pólitíska fanga og landið úr höndum fjölþjóðaauðhringa.

Ólöglegt allsherjarverkfall er nú í gildi í Íran og tap ríkisvaldsins daglega nemur tugum miljónum dollara. Þann 30. okt. var olíuborstöðvum í Íran endanlega lokað þ. m. t. borpöllum á Khargeyju, Bandar Shahpour og Bandar Maashur. Þó hafði ríkisstjórnin reynt að flytja inn erlenda verkfallsbrjóta en ekkert gekk. Að tapa 60 miljónum dollara á dag er að brjóta bak keisaraveldisins efnahagslega.

Íran er 4. stærsta olíuframleiðsluríki í heimi, framleiðir 6,5 miljón tunnur daglega og flytur út 5 miljón. Yfir 40 olíutankskip liggja nú fyrir akkeri úti fyrir Khargeyju og jafnvel alþjóðlegi tankskipaiðnaðurinn er kominn í kreppu

Íran framleiðir 10% af allri olíu heimsins og 90% af olíu Írans er stjórnað beint af vestrænum olíuauðhringum, sem starfa eftir samningum við Þjóðlega íranska olíufélagið. Þessir auðhringir tapa miljónum dollara daglega.

Það sama er að gerast með bensínvinnslustöðvar sem tilheyra sovéskum ráðamönnum. Vegna verkfalls verkamanna í bensíniðnaðinum hefur bensínútflutningur til Sovétríkjanna (30 miljón kúbikmetrar á dag) stöðvast. (Takið eftir því að Sovét flytur ódýrt bensín frá Íran og á sama tíma selur það út dýrt bensín t.d. til Íslands. Það er einmitt á þessum punkti, ójafnri verslun, sem heimsvaldaeðli og græðgi sovéska ríkisins í hámarksgróða sannast einna best.)

Aryasnehr stálvinnslustöðvarnar í Isfahan eru annað dæmi um hvernig Sovétríkin notfæra sér ódýrt vinnuafl erlendis. Þau byggðu stálvinnslustöðina og reka hana. Þar eru nú 30.000 verkamenn í verkfalli.

Þar á ofan selja Sovétríkin Íranskeisara vopn. Svo það fer hið besta á með þeim Brjesnef og Shah þegar báðir sjá sér gróðamöguleika.

Hundruðir þúsunda verkamanna í koparnámum, pappírsiðnaði, tóbaksiðnaði, fataiðnaði, járnbrautarstarfsemi, vélavinnu, póstþjónustu, aflstöðvum, verslun o.s.frv. hafa lagt niður vinnu í andstöðu við ríkisvaldið. Margfalt yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vill fella harðstjórnina en hún heldur velli eingöngu vegna hernaðarlegrar aðstoðar frá Bandaríkjunum, rétt eins og önnur viðlíka fasistaríki s.s. Ísrael, Nicaragua og Chile.

Keisarinn "framfarasinnaður" og "nútímasinnaður".

Vestrænir fjölmiðlar eru fullir af villandi áróðri um ástandið í Íran. Þar er keisarinn útmálaður framfaramaður sem sé að leiða "siðmenninguna" yfir þjóð sína sem er bara einfaldlega svo treg að hún getur ekki skilið það.

Íran er eitt illræmdasta fasistaríki í heimi og "siðmenning" keisarans er þjónkun hans við bandaríska auðhringi og kúgun hans á alþýðufólki í Íran. Arðrán þessara auðherra á vinnandi fólkinu veldur því að fólk sveltur, atvinnuleysi og húsnæðisleysi ríkir. Í landinu er 73% ólæsi. Persónufrelsi og mannréttindi í einu landi geta ekki verið minni. Fjöldi pólitískra fanga er um 100.000 og afhjúpar það vel hræsnina í "mannréttindaherferð" Carters bandaríkjaforseta sem styður á fullu þennan fasisma.



Theran: Vopnaðir íranskir hermenn - andartaki áður en þeir skutu á miljónir manna í mótmælagöngu

Í Íran er það "glæpur gegn þjóðfélaginu" að vera kommúnisti og menn sem eru fangelsaðir fyrir að vera kommúnistar teljast ekki vera pólitískir fangar. Meðferðin á

Samstaða Araba er forsenda sigurs yfir zionistum

Ágætu fundarmenn.

Palestínumálið er yfirgripsmikið og flókið vandamál, sem ekki verður fjallað um til neinnar fullnustu, til þess þyrfti heila bók eða jafnvel margar. Það er því ætlun mín að einbeita máli mínu fyrst og fremst að ákveðnum þætti þessa máls, þ.a.s., frumhlaupi Sadats, Egyptalandsforseta, Camp David samkomulaginu og ástandi því sem nú blasir við í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins. En þrátt fyrir að ég takmarki mig við þetta efni mun ég aðeins geta getið þess í grófum dráttum og rakið helstu þætti málsins.

"Palestínska þjóðin hefur um hartnær 30. ára skeið barist fyrir tilveru sinni og réttindum gegn síonismanum Hún hefur barist gegn því að vera gerð útlæg úr eigin landi, gegn því að vera svipt sjálfsákvörðunarréttinum um eigin mál, gegn því að vera svipt öllum mannréttindum og gegn því að menningu hennar sé stolið og hún gerð að menningu innrásaraðilans.

Enginn málstaður er betri en málstaður palestínsku þjóðarinnar og engum málstað hefur verið ráðist jafn hart gegn af vestrænu pressunni og fylgismönnum síonisma og heimsvaldastefnu,


Palestínumönnum hefur verið líkt við óargadýr sem helgi líf sitt morðum og hryðjuverkum og fjölmiðlar á Vesturlöndum hafa haldið þeirri skoðun hátt á lofti að þeir skilji ekkert annað en mál sverðsins Reynt hefur verið að vinna hylli almennings við loftárásir og önnur hryðjuverk Ísraels gegn Palestínusku þjóðinni, með þessum áróðri. En fjölmiðlarnir hafa forðast eins og heitan eldinn að minnast á hvers vegna palestínska þjóðin varð að sæta hlutskipti flóttamanna og lifa sem þrælar í eigin landi, sviptir öllum mannréttindum. Í augum þeirra sem styðja síonismann verður glæpur að dyggð og loftárásum á flóttamannabúðirnar er fagnað, árásarstríðum Ísraels gegn aröbum líkt saman við krossferðir til forna og útþenslustefna síonismans réttlætt á allan hátt.

En hver er það sem vekur upp, stuðlar að og stundar hryðjuverk í og við Palestínu? Er það ekki hryðjuverk að gera tæplega 2 milljónir manna að flóttamönnum og leggja eigur þeirra undir sig með lögum? Er það ekki hryðjuverk að setja Palestínuaraba innan landamæra Ísraels undir herlög og svipta þá öllum mannréttindum? Er það ekki hryðjuverk að fara með stríði gegn nálægum arabaríkjum og leggja undir sig lönd þeirra og eignir? Eru loftárásir Ísraelsmanna á flóttamannabúðir í Líbanon og Sýrlandi ekki hryðjuverk?

Getur um meiri glæpi gegn einni þjóð, en þá sem hér eru að ofan taldir?

Svari hver fyrir sig."

Styrk samstaða Arabaríkjanna hefur verið og er ein meginforsenda þess að þeim megi takast að sigrast á fjandmanni sínum, síonistaríkinu Ísrael og bandamanni þess bandarísku heimsvaldastefnunni. Þetta vita ísraelsmenn og bandarísku heimsvaldasinnarnir mæta vel og þeir hafa þess vegna lagt í það mikla vinnu að reyna að sá sundrungu meðal araba. Bandaríkjamenn hafa í þessu skyni reynt að beita beinum efnahagslegum og pólitískum þvingunum gagnvart einstaka arabaríkjum og einnig hafa þeir beinlínis reynt að múta ákveðnum leiðtogum araba sem þeir hafa talið afturhaldssama og hugsanlega tilbúna til að selja málstað palestínumanna og araba allra fyrir dollara. Hér er skemmst að minnast Hussneins Jórdaníukonungs og svívirðilegra svika hans morða og ofsókna gegn palestínsku flóttafólki í september 1973.



Friðarenglarnir.

Sundrungarstefna Bandaríkjanna og Ísrael hefur þó aldrei unnið stærri sigur en fyrir um það bil ári síðan þegar Sadat Egyptalandsforseti snéri baki við samstöðu arabaríkjanna gagnvart Ísrael og hóf tilraunir sínar til að reyna að upphefja sjálfan sig sem einhverskonar friðarengil með því að freista þess að semja sérfrið við Ísrael.

Þessar aðgerðir Sadats voru blásnar upp í vestrænum fjölmiðlum sem hin eina rétta leið til friðar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Það var hins vegar ekkert minnst á það hvað lá að baki aðgerðum Sadats og hverjar afleiðingar það myndi hafa í för með sér ef ætlun hans næði fram að ganga. Það var ekki minnst á það hverskonar frið var verið að tala um og hver réttur palestínsku þjóðarinnar og fulltrúa hennar í þessum friðarviðræðum ætti að vera. Það var heldur ekkert talað um það að Sadat hafði látið kaupa sig til verksins af bandarískum heimsvaldasinnum. Og það gleymdist að segja frá því að Sadat er sjálfskipaður friðarpostuli sem hefur ekkert umboð nema sitt eigið til að semja við einn eða neinn um málefni palestinsku þjóðarinnar.



Loftárásir Ísraela á flóttamannabúðir í Suður-Líbanon Það hefur verið nær daglegt brauð palestínsku flótta mannanna í Líbanon. Þúsundir hafa farist.

Vestrænir fjölmiðlar keppstust aðeins við að útmála Sadat sem hinn sanna friðarsinna, en slepptu alveg að grafast fyrir um ástæðurnar fyrir þessari stefnubreytingu hans og reyna að sjá fyrir afleiðingar þær sem af hlytust ef sérfriður yrði saminn milli Egyptalands og Ísraels, án þátttöku palestínumanna og annarra arabaríkja sem beinan hlut eiga að þessari deilu. Hvernig stóð á þessari þögn vestrænna fréttaskýrenda? Ástæðurnar eru nokkrar en þó í meginatriðum þær að Sadat þjónaði með sundrungarstarfi sínu og sérfriðaráætlunum hagsmunum síonista og bandarísku heimsvaldastefnunnar í löndum araba.

En reynum nú að líta á málið dálítið nánar.

Upphafið að breytri stefnu Sadats Egyptalandsforseta má rekja til uppgjafar hans gagnvart síonismanum og heimsvaldastefnu Bandaríkjanna,

og hóf tilraunir til að vingast við bandaríkjamenn eftir áralanga sambúð við sósíalfasistana í Kreml. Þessi eftirleitan hefur smátt og smátt leitt til þess að egyptar eru í dag orðnir efnahagslega háðir Bandaríkjunum og nú setur Carter skilyrði fyrir áframhaldandi aðstoð. Skilyrðin eru þau að samið verði um frið við Ísrael og bandarískir hagsmunir í miðausturlöndum verði tryggðir. Sadat getur sig lítið hreyft en hefur þó vissa möguleika til að draga endanlega samninga á langinn, vegna ósveigjanlegrar afstöðu Begins og annara leiðtoga síonista. Það er þó samt sem áður orðið ljóst, að fyrr eða síðar mun Sadat verða neyddur til að velja á milli bandarísku heimsvaldastefnunnar og arabískra hagsmuna. Hver verður ákvörðun hans er ekki endanlega útséð um.




Er þetta ást?

framhald af forsíðu

Mengun af völdum hersins

þessu en jafnoft hefur það fallið í gleymsku. Ýmsir menn hafa farið á stúfana og kynnt sér þessi mál og það er samdóma álit þeirra að hætta sé á ferðum. En stjórnvöld hafa verið algerlega sofandi í þessu máli sem og svo mörgum öðrum. Þær furðulegu raddir hafa jafnvel heyrst frá "ábyrgum" aðilum að um litla sem enga mengun geti verið að ræða, vegna þess að það sé ekki síður hernum í óhag ef satt reynist! Ekki lýsir þessi afstaða mikilli hugsun né þekkingu. Það er kunnara en frá þurfi að segja að hernaðarbröltirisaveldanna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna fylgir alls staðar mengun og sóðaskapur. Hér á landi eru víða ruslahaugar frá því í seinni heimsstyrjöldinni. Einnig má benda á það ofboðslega magn af brotajárni sem bandarísku heimsvaldasinnarnir skildu eftir sig í Suð-austur- Asíu þegar þeir gáfust upp á brölti sínu þar. Risaveldin hirða lítt um þessi mál, þar sem þeir eru öllu jöfnu á erlendri grund

En í hverju felst sóðaskapurinn og mengunin á Miðnesheiði Hún felst m.a. í gífurlegri olíumengun og skólpið vellur út um mýri og móa. Jarðvegurinn þarna í kring er orðinn mettaður af olíu og skít. Sannanir þykja einnig fyrir því að þarna séu einnig grafnir í jörðu olíugeymar sem er löngu hætt að nota. Þetta ástand skapar vissulega mikla hættu fyrir íbúa Suðurnesja bæði hvað varðar atvinnulíf og gróður.



Aðeins eru til staðar úreltar orustuþotur á Miðnesheiði.

ER UM AÐ RÆÐA AÐRA MENGUN?

Ekki leikur minnsti vafi á því að Íslendingar hafa ekki hugmynd um hvað er geymt á vellinum. Þar gætu verið kjarnorkuvopn. Reyndar er það mjög líklegt þegar þess er gætt hversu hátt NATO og Natosinnar hafa talað um gildi Íslands hernaðarlega. Ísland er talinn mikilvægur "hlekkur í varnarkerfi vestrænna lýðræðisþjóða". Kemur það ekki spánskt fyrir sjónir að þessi mikilvægi "hlekkur" sé einungis búinn aflóga sprengju og njósnaflugvélum? Hvað gætu 3000 tindátar gert ef til styrjaldar kæmi? Svari hver fyrir sig. Einn hefur þó þetta á hreinu Páll Ásgeir Tryggvason fyrrverandi formaður varnarmáladeildar segist hafa gengið úr skugga um það persónulega að engin kjarnorkusprengja sé geymd á vellinum. En lítið mark er á því takandi því manntetrið hefur ekki til að bera þá þekkingu sem þarf til að ganga úr skugga um það. Auk þess er vafalítið hægt að koma því þannig fyrir að enginn vissi um hana með þeirri tækni sem NATO ræður yfir.

Hættan á að falin séu kjarnorkuvopn á Miðnesheiði er sú ein ægilegasta sem Íslendingar standa frammi fyrir. Sérfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef einnar megatonna sprengju yrði varpað á Keflavíkur flugvöll myndi allt að 100-130.000 Íslendingar farast. Næstu ár og áratugi á eftir myndi síðan koma fram geislavirk áhrif sem valda því að afkomendur þeirra sem eftir lifa fæddust vanheilir. Þetta sýnir m.a. reynslan frá Hirosima og Nagasaki í Japan frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

En hvaða leiðir getum við þá farið, hvernig getum við afstýrt þessum hörmungum? Eina leiðin er að taka upp virka baráttu fyrir því að herinn fari og Ísland segi sig úr NATO. Einungis með skipulagðri fjöldabaráttu er það mögulegt, því sýnt þykir að ekki er neins að vænta frá þeim mönnum sem á alþingi sitja. Gagnlaust er að krefjast þess að yfirmenn NATO upplýsi okkur hvort hér sé sprengja eða ekki. Þeir mega ekki segja neinum frá því ekki einu sinni íslenskum stjórnvöldum. Það gæti veikt varnir NATO.

Við verðum að standa utan allra hernaðarbandalaga og snúa bökum saman með smáþjóðunum sem eru að berjast við að halda sjálfstæði sínu efnahagslegu og pólitísku gagnvart heimsvaldasinnunum í Moskvu og Washington. Einungis á þann hátt er möguleiki að afstýra hættunni sem yfir okkur vofir.

Opið bréf frá KFÍ/ML til EIK(m-l)

Í þessu blaði birtist 3. hluti bréfs KFÍ/ML til EIK (m-l). Eins og fyrr er birtur hluti úr bréfi sem framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) sendi KFÍ/ML sem svar við gagnrýni okkar á Sameiningargrundvöll þeirra. Síðan birtist svar okkar við þeim hluta bréfsins. Framhald verður í næsta blaði.

4. "KFÍ/ML" ákærir okkur fyrir að halda fram kenningum Brésneffs og Có um "friðsamlega baráttu alþýðufylkingar gegn einokunarauðvaldinu". En samt eiga EIK(m-l) að geta verið marx-lenínísk.

En í raun er þetta fölsun. Endurskoðun fylgismanna Brésneffs á marx-lenínisman-um er fólgin í því að afneita verkalýðsbyltingunni, samfylkingu verkalýðsins og þorra millistéttar, en setja í staðinn "umbreytingu" þjóðfélagsins gjarnan með þingræðisbaráttu, sem gerð er af öllu launavinnufólki, allri millistéttinni og hluta borgarastéttar gegn einokunarauðvaldinu. Eina skref EIK(m-l) í átt að slíku voru hugmyndir um mögulega samfylkingu við "einstaka auðherra" gegn einokunarauðvaldi- sem sáust í skrifum samtakanna fyrsta starfsárið. Hugmyndirnar stýrðu aldrei starfi samtakanna og gert var upp við þær endanlega í ársbyrjun 1976. Kjörorð okkar um samfylkingu verkalýðs og annarrar alþýðu gegn einokunarauðvaldinu og bandamönnum þess (sjá sameiningargrundvöllinn) er í fullu samræmi við baráttu verkalýðsstéttarinnar gegn allri auðstéttinni-aðeins nákvæmari útlegging á aðferð baráttunnar og voldugasta andstæðningnum.

5. Smáborgarastéttin á Íslandi er vissulega framsækin að hluta, -það er að segja sem hluti virks bandalags við verkalýðinn. Það kemur hvergi fram hjá okkur að stéttin í heild sé byltingarsinnuð eða framsækin sem slík. Barátta smábænda gegn ríkisvaldinu eða einokunarauðvaldinu og barátta sjálfseignarsjómanna- eru það afturhaldssamar aðgerðir?

SVAR:

4. Nokkuð er það undarlegt að sjá enn og aftur sömu einfeldningslegu útúrsnúningana á þeirri hárréttu gagnrýni KFÍ/ML á stefnu ykkar um andeinokunarfylkinguna sem fram kemur í svari ykkar.

Ef þið gæfuð ykkur smá tíma til að lesa tilvitnunina sem við tökum í Brésneff sjáið þið strax að í svari ykkar eruð þið að hagræða sannleikanum um að hann tali um "allt launavinnufólk" eða "hluta borgarastéttarinnar". Brésneff orðar stefnu sína eins og þið, samfylking gegn einokunarauðvaldinu. Í henni taka þátt" meginþorri bænda og menntamanna" sem safnast utan um "verkalýðinn" svo úr verður "Breið and-einokunarfylking". Þetta hafið þið sagt þúsund sinnum.

Eik(m-l) er brýn nauðsyn að gera upp við Moskvu - línu sína á þessum punkti og til þess duga engir útúrsnúningar eða undanbrögð.

Þið skuluð ekki heldur vera sneyptir við að kalla villur ykkar réttum nöfnum. KFÍ/ML mun virða þá að meiru sem koma opinskátt fram og leiðrétta villur sínar. Þið hafið gert það að hluta til, en þó eigið þið nokkuð eftir til að útmá Brésneffsismann úr stefnuskrá ykkar. Ef þið gerið það álítum við ykkur betri marx-lenínista en áður.

Þrátt fyrir að þið gerið villur lítum við svo á að þið séuð marx-lenínistar. Þið verðið að reyna að skilja það að fullkominn marx-lenínisti er ekki til, allir gera villur, en marx-lenínistar leiðrétta þær eftir bestu getu til samræmis við marx-lenínismann. Það er mjög mikilvægt að



EIK(m-l) átti sig á þessari staðreynd, annars lendið þið áfram í þeirri villu að halda uppi vörnum fyrir ranga stefnu aðeins vegna þess að þið hafið einhverntímann sett hana fram.

Þessi misskilningur ykkar veldur erfiðleikum og dregur úr möguleikum ykkar til að gera upp við fyrri villur, skilja stéttareðli þeirra og setja fram skýra og afdráttarlausa afstöðu. En þessar röngu hugmyndir sem þið hafið um ykkur sjálfa eru nátengdar óljósri stéttgreiningu ykkar. Því miður á allt að vera rétt sem þið gerið og til að svo geti verið hagræðið þið sannleikanum lítillega eða setjið málin þannig fram að skilja má málin á tvenna vegu, þið reynið að sitja á tveimur stólum samtímis. Til þess að ná þessum árangri svarið þið annað hvort alls ekki réttri gagnrýni KFÍ/ML eða reynið að komast fram hjá henni með því að svara einhverju allt öðru sem við höfum alls ekki sett fram.

KFÍ/ML vill eindregið mælast til þess að félagar EIK(m-l hafi meira aðhald að miðstjórn sinni til að í framtíðinni verði komist hjá ómálefnanlegri umræðu. T. d. stendur í 4. punktinum að við (KFÍ/ML) séum að falsa. Skömmu síðar stendur í sama punkti að þið hafið gert upp við þessar villur að fullu 1976. En við erum að benda ykkur á að þið höfðuð línu Brésneffs eins og þið viðurkennduð, og að þið hafið hana að nokkru enn.

Eina vottinn að sjálfsgagnrýni er að finna á bls. 68. Í Baráttuleið alþýðunnar 2. útg. 1976. Þar viðurkennið þið að villa ykkar hafi verið endurskoðunarsinnuð.

5. Þið spyrjið einnig hvort barátta smábænda og sjálfseignarsjómanna gegn ríkisvaldi og einokunarauðvaldi sé afturhaldssöm. Við svörum því til að ef baráttan er háð með markmiði verkalýðsstéttarinnar að leiðarljósi þá er hún afturhaldssöm. Ef stéttarsjónarmið smáborgaranna er haft að markmiði leiðir baráttan ekki fram á við. Á þessu verður EIK(m-l) að átta sig vilji þeir forðast að fara villu vegar í taktík og stjórnlist verkalýðsbyltingarinnar. Í 5. punkti staðhæfið þið, að þið haldið því hvergi fram að smáborgarastéttin sé byltingarsinnuð eða framsækin í heild sem slík. Hvað sem þessari staðhæfingu ykkar viðvíkur, þá er það staðreynd að í Baráttuleið alþýðunnar bls 49 2. útgáfu falsið þið marxismann lenínismann til þess að sýna fram á að miðstéttirnar séu byltingarsinnaðar. Sbr þessa fölsun á afstöðu Marx og Engels í Kommúnistaávarpinu: " Miðstéttirnar..... fylgja byltingarstefnunni vegna þess að þær sjá að þær eru að verða öreigar." (Sjá B. L. alþýðunnar bls. 49.) Síðan segið þið: "Stéttgreiningin er undirstaða stefnu EIK(m-l) ásamt almennum atriðum marx-lenínismans/kenningum Mao Tsetungs". (bls. 50. sama riti) Falsanir á marxismanum - lenínismanum eru engin undirstaða fyrir marx-lenínísk samtök.

Hin rétta tilvitnun í Kommúnistaávarpið sýnir greinilega að miðstéttirnar eru ekki byltingarsinnaðar, heldur íhaldssamar.

"Miðstéttirnar, smáiðjuhöldar, smákaupmenn, handverksmenn og bændur berjast allir gegn borgarastéttinni til þess að forða miðstéttartilveru sinni frá tortímingu. Þessar stéttir eru því ekki byltingarsinnaðar, heldur íhaldssamar. Þær eru meira að segja afturhaldssamar, þær vilja beina rás söguþróunarinnar aftur á bak. Þegar svo ber undir, að þær eru byltingarsinnaðar, þá eru þær það vegna þess, að þær sjá það fyrir, að þær muni hrapa niður í öreigalýðsstéttina. Þær snúast því ekki til varnar nútíðarhagsmunum sínum, heldur framtíðarhagsmunum sínum. Þær hverfa því frá sínu eigin stéttarmiði til þess að skipa sér á stéttarvettvang öreigalýðsins."

(Úrvalsrit Marx og Engels I bindi bls. 35, útg. Heimskringla '68).

Þá skal bent á aðra fölsun BLA í næstu greinaskilum fyrir ofan á sömu síðu: "Á meðal allra þeirra stétta, sem eru andstæðar stórborgurunum er verkalýðsstéttin sú eina, sem er byltingarsinnuð í raun og sannleika. Allar aðrar hröina og líða undir lok jafnhliða því sem stóriðnaðurinn ryður sér til rúms. En verkalýðurinn vex að sama skapi".

Þessi fölsun hefur verið notuð af EIK(m-l) og fleirum til þess að "sanna" það að verkalýðsstéttin hafi vaxið með tilkomu verslunar- og skrifstofufólks og að þeir tveir hópar muni því ekki hrörna í sósíalismanum. Hin rétta tilvitnun í Kommúnistaávarpið sýnir hins vegar að það er iðjuþróunin sem skapar verkalýðsstéttina, þ.e. með breyttu þjóðskipulagi hurfu lágstéttir lénsþjóðfélagsins inn í verksmiðjurnar.

"Af öllum þeim stéttum, sem standa andspænis borgarastéttinni, er öreigalýðurinn einn byltingarsinnuð stétt í raun og sannleika. Aðrar stéttir hrörna og líða undir lok í rás iðjuþróunarinnar, en öreigalýðurinn er holdgetið afkvæmi hennar".

(Úrvalsrit, sama síða).

Þessi tregða ykkar er e.t.v. skiljanleg ef við skoðum uppruna sumra forystumanna ykkar. Á meðan við vorum að byggja upp KSML var t.d. Ari T. Guðmundsson einn aðal forsprakki Fylkingarinnar. Það er stundum nokkuð erfitt að segja fullkomlega skilið við æskustöðvarnar, en það verður fleira að gera en gott þykir. Stundum verða menn að ganga til samstarfs við þá sem þeir börðust helst á móti áður fyrr og brjóta þannig odd af oflæti sínu. Samstarf marx-lenínista er nú mikilvægara en skærurnar milli KSML og Fylkingarinnar hérna áður fyrr.



...í stuttu máli

Rodesískar herflugvélar kasta dreifiritum yfir Botswana.

Fyrir nokkrum dögum flugu rodesískar herflugvélar yfir flóttamannabúðir í Botswana og dreifðu ýmiskonar áróðursmiðum niður í fallhlífum. Þetta er gróft brot á þeim hlutleysissamningi sem ríkin hafa gert sín á milli. Stjórn Botswana vonar að þessar áróðurs-"æfingar" séu ekki undanfari fjöldamorða á saklausu flóttafólki. Á áróðursmiðunum stendur m.a.:"..að flóttamenn séu hvattir til að snúa heim til að taka þátt í "ánægjunni" undir stjórn meirihluta landsmanna." Gáfu áróðursmiðarnir mjög ranga mynd af því ástandi sem ríkir í Rhodesíu. Þessar áróðurs-"æfingar" sýna okkur hversu örvingluð hin svokallað samsteypustjórn er orðin. Hún hefur gjörsamlega misst tökin á ástandinu heima fyrir og halda að með þessu móti geti þeir fengið flóttafólk til að snúa aftur. Þessir menn lifa í fíflaparadís kynþáttakúgunar og misréttis. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að flótta fólkið veit upp á hár hvernig ástandið er heima fyrir, þess vegna flýr það þúsundum saman.

Argentínskir stjórnmálamenn krefjast þess að stjórnarskráin se virt.

Leiðtogar nokkurra pólitískra flokka í Argentínu hafa undirritað með sér skjal þess efnis að þeir krefjist þess að stjórnarskráin sé virt.

Skjalið er undirritað af Kristilega lýðræðisflokknum, Sósíalistaflokknum ásamt fleiri flokkum. Í því segir m.a. :"...félagsleg, efnahagsleg og menningarleg vandamál verða ekki leyst á meðan pólitísk og stjórnarskrárleg vandamál eru óleyst." Síðan segir m.a.:"Leysa verður úr haldi pólitíska fanga jafnt og þá sem fangelsaðir hafa verið fyrir baráttu sína innan verkalýðsfélaganna." Ennfremur segir:"Hver sú áætlun um að stjórnarskráin verði virt, sé hún sett fram af alhug verður að byggjast á lýðræði og kosningafrelsi."

Þessi krafa argentínskra stjórnmálamanna sýnir okkur að sífellt grefur meir og meir undan herforingjaklíkunni þar. Greinilega er að myndast víðtæk samfylking um að krefjast þess að mannréttindi séu virt.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
46.tbl. 7.árg. 5.12. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Öðinsgötu 17ⁿ
101 R

Dagstimplun mjólkurvöru breytt

Nú hefur Mjólkursamsala Reykjavíkur fengið leyfi til að stimpla mjólk 5 daga fram í tímann, í stað 3 daga, er heimild var fyrir áður. Reyndar hefur Mjólkursamsalan áður gerst freklega brotleg við 3ja daga regluna, og á síðasta sumri gat að líta nýmjólk í búðum Reykjavíkur með dagstimpil allt að 9 dögum fram í tímann. Ekki hefur skort neitt á skýringar frá Mjólkursamlagi Reykjavíkur, hvers vegna þetta hefur skeð. Í þeirri yfirlýsingu sem Samsalan sendir út vegna hins nýja leyfis Heilbrigðisráðuneytisins, er því borið við að flutningur á mjólk út á land taki svo langan tíma að mjólkin komist ekki til neytenda fyrr en eftir að komið sé fram yfir leyfðan söludag. Tekin er sem dæmi mjólkursala til Vestmannaeyja.

Þar er bent á að mjólk sem er átöppuð á fimmtudagskvöldi sé ekki komin í búðir í Eyjum fyrr en eftir lokun á föstudag og vegna þess að matvöruverslanir hafa tekið við mjólkursölunni, er þessi mjólk ekki seld fyrr en á mánudag.

Þetta er í sjálfu sér skýring á vandamáli sem Mjólkursamsalan á við að stríða, en hún bendir ekki á fullnægjandi lausn vandans. Varla er hægt með nokkurri sanngirni að fallast á að lenging afgreiðslutímans sé réttlætanleg, vegna betri framleiðslu, því að til þess er leyfi Heilbrigðisráðuneytisins of þröngt. Þar segir nefnilega að aðeins skuli þetta leyfi gilda í eitt ár, en falla niður að þeim tíma liðnum, og skal sá tími notaður til að semja nýja reglugerð um dreifingu mjólkur.

Varla búast þessir herramenn við að mjólkurframleiðslan versni skyndilega eftir eitt ár. Nei. Líkleg skýring er heldur að núverandi eftirlit með mjólkurframleiðslu leyfi ekki þetta langan afgreiðslutíma. Annað er það að í skýringu Samsölunnar kemur fram orsök fyrir þessari versnandi þjónustu við neytendur. Hún er sú að ekki er lengur seld mjólk á helgidögum, eins og var þegar Mjólkursamsalan annaðist söluna.

Þetta er einmitt mergur málsins. Mjólkursamsalan hefur flutt mjólk til Vestmannaeyja í áratugi án þess að þurfa á þessum afgreiðslufrest að halda, vegna þess að hægt var að kaupa mjólk í búðum Samsölunnar 6 daga vikunnar og í sumum þeirra alla daga vikunnar. En þegar almennar matvöruverslanir tóku við dreifingu mjólkur eftir að hafa krafist þess í langan tíma (hér var aðallega um kröfur stórverslana að ræða). þá versnaði þjónustan þegar.

Nú heyrast ekki lengur þær raddir meðal kaupmanna að þeir skuli sjálfir sækja mjólkina í Samsöluna án þess að leggja neitt meira á mjólkina. Nei. Útkeyrslukostnaður hefur síst minnkað hjá Mjólkursamsölunni, og kaupmenn hafa þegar fengið nokkra hækkun á smásöluálagningu hennar, og vilja fá hana hækkaða. Eitt var það er var skilyrði fyrir því að matvöruverslanir fengju leyfi til sölu á mjólkurvörum, var að hafðar yrðu á boðstólum allar framleiðsluvörur Mjólkursamsölunnar. Þetta hefur verið þverbrotið, enda var það auðsjáanlega aldrei ætlun kaupmanna að halda uppi sams konar þjónustu og mjólkurbúðirnar hefðu aðeins að fá þær út úr samkeppninni og fólk inn í þeirra búðir. Þar gátu þeir boðið fólki upp á aðrar vörur með fullri álagningu sem kæmu í stað ódýrari mjólkurafurða, sem fást varla lengur. Nei. Lausn vandans er ekki lengri dagstimplun, ólíkt heppilegra væri að endurreisa mjólkurbúðirnar.



Flóttamannabúðir palestínuaraba eftir loftárásir síonista

Fundur Palestínunefndarinnar

Þann 29. nóvember hélt íslenska palestínunefndin fund í Félagsstofnun stúdenta. Fundurinn var haldinn vegna þeirrar ákvörðunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að helga þennan dag baráttu palestínsku þjóðarinnar. Á fundinum héldu ræður Ástvaldur Ástvaldsson formaður Palestínunefndarinnar og Garðar Sigurðsson alþingismaður. Garðar sat allsherjarþingið þegar Yasser Arafat hélt þar ræðu 1976.

Greindi Garðar frá þeim fundi og ýmsu í sambandi við hann.

Gísli og Arnþór Helgasynir léku tvö palestínsk lög og Hjördís Bergsdóttir og Jakob S. Jónsson skemmtu með söng og gítarleik. Þá las Sólveig Hauksdóttir tvö palestínsk ljóð í þýðingu Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fremur fátt var á fundinum, eða um 30 - 50 manns, en að öðru leyti var fundurinn mjög vel heppnaður og var góður rómur gerður að ræðum og skemmtiatriðum.

Ræða Ástvaldar er birt á síðu 4 í blaðinu.

Veggspjöldin í Kína

Fréttir hafa borist um veggspjaldaherferð í Kína. Þetta hefur orðið borgaralegum fjölmiðlum til mikillar gleði og jafnframt leitt til óskhyggju um gang mála þar austur frá.

Borgaralegir fjölmiðlar hafa oft tekið vinsamlega afstöðu til Kína. Það stafar ekki af væntumþykju í garð Kínverska alþýðulýðveldisins heldur einfaldlega vegna þess að þá skortir allar ástæður til árása á Kína.

Þessvegna grípa borgaralegir fjölmiðlar núverandi "veggspjaldaherferð" fegins hendi og reyna að snúa gagnrýninni upp í allsherjar árás á sósíalismann og Kína.

Þannig kemst Mogginn að þeirri niðurstöðu "að málfrelsi hafi aftur verið komið á í Kína". Hann kemst líka að þeirri niðurstöðu að fjórmenningarnir hafi verið "réttmætir" arftakar Maós.

Það sem kann að vera rétt í þessu er að fjórmenningarnir voru engir sérstakir lýðræðisvinir. Þar sem þeir réðu, og það var víða, voru réttindi manna skert. Kínversk alþýða undir forystu Maós og síðar Húa Kúa Fengs reis hinsvegar upp á móti þessum öflum.

Fjórmenningaklíkan var felld en endir var ekki bundinn á áhrif hennar í einu vetvangi. Ennþá stendur yfir gagnrýni á fjórmenningana eins og berlega sést á veggspjaldaherferðinni.

Maó gagnrýndi fjórmenningana hvað eftir annað fyrir klíkumyndun og varaði þá við að starfa áfram í sama anda. Þeir létu sér hinsvegar ekki segjast.

Á veggspjöldunum eru gagnrýndir þeir sem báru ábyrgð á uppþoti í Peking 1976. Þetta túlka borgaralegir fjölmiðlar sem árás "fólksins á sósíalismann". Sannleikurinn er hinsvegar sá að þessi atburður var að minningarfundur um Chou En Læ var haldinn í Peking. Hann hafði látist í ársbyrjun það ár. Að undirlagi fjórmenninganna og fylgismanna þeirra var þessi fundur bannaður og leystur upp. Af því varð þetta margumtalaða uppþot. Gagnrýninni á þennan atburð er beint gegn fjórmenningunum og fylgismönnum þeirra sem báru ábyrgð á banninu.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi um það hvernig borgaralegir fjölmiðlar rangsnúa og sleppa ýmsu sem ekki passar inn í ófrægingarherferð þeirra gegn Kína.



Myndin sýnir uppsettningu veggspjalds í Kína.

Ályktun frá uppsaladeild SÍNE:

Krefjumst bættra námslána

Stéttabaráttunni hefur borist ályktun frá Uppsaladeild SÍNE sambands íslenskra námsmanna erlendis. Í ályktuninni er vakin á því athygli að ríkisstjórnarflokkarnir hafa alls ekki í hyggju að standa við loforð sín um 100% lánshlutfall.

Stéttabaráttan tekur undir kröfur Uppsaladeildarinnar og hvetur námsmenn til að standa fast á rétti sínum .

Ályktunin er birt í heild hér að neðan.

Uppsölum 19-11-1978

Fundur Uppsaladeildar SÍNE lýsir furðu sinni á þeim lið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar, sem snertir Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN).

Samkvæmt fjárhagsáætlun LÍN, sem gerir ráð fyrir 100 % lánshlutfalli og að tillit sé tekið til fjölskyldustærðar, þarf 3,6 miljarða kr. fjárveitingu fyrir núlíðandi skólaár. Frumvarpið gerir hins vegar aðeins ráð fyrir 2.2 miljarða kr. fjárveitingu til LÍN ásamt 400 miljóna kr. lánsheimild, sem þýðir aðeins 72% af raunverulegri þörf.

Fundur Uppsaladeildar SÍNE krefst 100% lánshlutfalls og raunverulegra bóta á högum fjölskyldufólks. Fundurinn tekur ekki mark á úrlausnum, sem eingöngu miðast við andlitslyftingu vegna kosningaloforða og ekki stuðla að raunverulegum bótum á kjörum námsmanna. Fundurinn skorar á Alþingi að sýna málinu skilning og sýna þann skilning í verki.

F.h. Uppsaladeildar SÍNE

Reynir Böðvarsson.